

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Aftan við 4. gr. laganna (2. gr. laga nr. 15 17. nóv. 1956) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem hefur í hyggju að skipta um aðsetur á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 15. nóvember, enda liggja þá fyrir, hvert hann flytur. Sama tilkynningar-skylda hvílir á þeim, sem áformar að taka sér nýtt heimilisfang á fyrr greindu tímabili, án þess að hann flytji þangað aðsetur sitt að svo stöddu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Geir Hallgrímsson.*

23. maí 1975.

Nr. 47.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

b-liður 2. gr. laganna falli niður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

A 13